



Virkjunarleyfi

Búrfellslundur Rangárþingi ytra

Nafn og kt. eiganda og leyfishafa: Landsvirkjun, kt. 420269-1299

Heimilisfang leyfishafa: Katrínartún 2, 105 Reykjavík

Uppsett afl virkjunar: Allt að 120 MW

Tegund virkjunar: Vindaflosvirkjun

Númer leyfis: OS-2024-L005-01

Virkjunarleyfi þetta er gefið út í samræmi við 4. og 5. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, auk ákvæða II. kafla reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005. Leyfisgjald er í samræmi við 33. gr. raforkulaga.

Leyfi þetta felur í sér heimild leyfishafa til að nýta vindafli til raforkuframleiðslu með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfinu, raforkulögum og reglugerð um framkvæmd raforkulaga.

Leyfið tekur til nýtingar vindorku til raforkuframleiðslu.

Allar breytingar á virkjuninni eru háðar gildandi lögum á hverjum tíma.

Leyfið er gefið út með meðfylgjandi virkjunarleyfisskilyrðum sem leyfishafi skal uppfylla.

Leyfishafa er skyld að framvísa skjölum með virkjunarleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Leyfi þetta má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar.

Reykjavík, 12. ágúst 2024

Halla Hrund Logadóttir

Halla Hrund Logadóttir
orkumálastjóri

VIRKJUNARLEYFISSKILYRÐI

vegna Búrfellslundar, Rangárþingi ytra

I. Almenn skilyrði

1. gr.

Skilyrði um framkvæmdir

Leyfi þetta fellur úr gildi 10 árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og 15 árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til Orkustofnunar.

2. gr.

Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu

Áður en framkvæmdir hefjast á grundvelli leyfis skal leyfishafi sýna fram á að hann geti aflað nægilegs fjármagns til að reisa virkjuna og nauðsynleg mannvirki og búnað henni tengdan. Fyrir sama tíma skal leyfishafi einnig leggja fram hönnunargögn vegna mannvirkja og tækjabúnaðar sem tengjast virkjuninni. Hönnunargögnin skulu hafa verið unnin eða yfirfarin af sérfræðingum sem hafa þekkingu og reynslu af hönnun virkjana.

3. gr.

Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og ráðstöfun mannvirkja og tækja

Um vernd nýtingarsvæðis gilda m.a. raforkulög, nr. 65/2003, lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, einkum ákvæði IX. og X. kafla þeirra svo og önnur lög. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengni um nýtingarsvæðið og skal leitast við að tryggja að lagnir og önnur mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Gera skal viðeigandi viðbragðsáætlanir til að tryggja heilsu, öryggi og umhverfi.

Við niðurlagningu skal leyfishafi fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki, þ.m.t. undirstöður og tæki og skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun auðlinda eða aðra starfsemi á svæðinu.

4. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur, samkvæmt VII. kafla raforkulaga, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Orkustofnun getur krafð leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins, sbr. einnig lög um Orkustofnun, nr. 87/2003. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Orkustofnun setur. Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti. Orkustofnun getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur. Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Orkustofnunar. Miðað er við virkt innra eftirlit leyfishafa og skil á gögnum til Orkustofnunar á stafrænu formi. Eftirlitskostnaður verður innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs úttagðs kostnaðar. Vísað er til 11. gr. leyfis þessa um innra eftirlit leyfishafa.

5. gr.

Endurskoðun virkjunarleyfis

Orkustofnun er heimilt að endurskoða leyfi þetta hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

6. gr.

Afturköllun

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 36. gr. raforkulaga, eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði Orkustofnun vör við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum, ákvæðum leyfis þessa eða samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum, skal stofnunin þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Orkustofnun afturkallað það án aðvörunar.

7. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í raforkulögum eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.

Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem og eftir atvikum framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, byggingarleyfi skv. 9. gr. laga um mannvirkni, nr. 160/2010, starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 9. tölulið X. viðauka með reglugerðinni, og leyfi Minjastofnunar Íslands ef óhjákvæmilegt reynist að hrófla við fornleifum skv. 21. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012.

II. Sértæk skilyrði

8. gr.

Gildistimi leyfis

Leyfið gildir frá útgáfudegi til 11. ágúst 2054.

Leyfishafi getur í tvígang óskað eftir framlengingu leyfis til allt að fimm ára í senn. Skal óskað eftir slíkri framlengingu með minnst eins árs fyrirvara. Í umsókn skal gerð grein fyrir ástandi og öryggi mastra, spaða, vélbúnaðar og tækja, og gera grein fyrir áformum leyfishafa varðandi framhald starfsemi, sbr. 10. gr. leyfis.

Samþykki Orkustofnunar fyrir framlengingu leyfis skal m.a. byggja á öryggi mannvirkja og búnaðar. Áður en ákvörðun er tekin um framlengingu gildistíma skal óskað umsagnar sveitarstjórnar Rangárþings ytra og þess ráðherra sem fer með málefni þjóðlendna.

9. gr.

Staðarmörk og stærð virkjunar

Leyfi þetta einskorðast við allt að 120 MW virkjun, með þeim staðarmörkum mannvirkja sem lýst er í deiliskipulagi sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 10. apríl 2024 og birt með auglýsingi í B - deild Stjórnartíðinda nr. 614/2024 þann 28. maí 2024.

Afmörkun virkjunarleyfis virkjunarinnar er sýnd á korti í fylgiskjali 1, og eru breytingar umfram þessi mörk háðar leyfi Orkustofnunar.

10. gr.

Ákvörðun um framhald starfsemi

Innan 25 ára frá útgáfu leyfis þessa ber leyfishafa að upplýsa Orkustofnun um hvort hann hyggist skipta mannvirkjum út, endurbyggja möstur og búnað vindmylla ellegar stöðva vinnslu í orkuverinu og rífa þær niður, og þá jafnframt leggja fram áætlun um niðurrif til samþykktar Orkustofnunar. Áætlunin skal innihalda upplýsingar um hvernig standa skuli að standsetningu svæðisins að rekstrartíma loknum auk tíma- og kostnaðaráætlunar niðurrifs. Orkustofnun getur sett þau skilyrði fyrir samþykki sem hún telur nauðsynleg til að koma í veg fyrir hættu eða tjón fyrir umhverfi, lífriki og almenning.

Verði óskað eftir áframhaldandi starfsemi orkuversins eftir gildistíma virkjunarleyfis, þ.m.t. framlengingu sbr. 8. gr. leyfis, getur þurft nýja málsmeðferð samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, leyfisveitingar í samræmi við skipulagslög og sækja ber um nýtt virkjunarleyfi, og önnur leyfi sbr. gildandi lög hverju sinni.

11. gr.

Innra eftirlit og vöktun

Leyfishafi skal viðhalda virku innra eftirliti með framkvæmd leyfis, m.a. með vöktun og skráningu á eftirfarandi atriðum varðandi rekstur virkjunar:

- Framleiðsla (GWh) fyrir hvert mastur og virkjun í heild.
- Árlegur nýtingartími (klukkustundir) fyrir hvert mastur og virkjun í heild.
- Innmötun á vinnslukerfi (MW, klst).
- Eftirlit með mannvirkjum og vélbúnaði.
- Atvik sem upp kunna að koma og leiða til eða hefðu getað leitt til að hætta steðji að öryggi, heilsu eða umhverfi eða eignum, þ.m.t. ískast.

Leyfishafi skal viðhafa greinargóða vöktun á áhrifum á fuglalíf á framkvæmda- og rekstrartíma virkjunarinnar, einkum vöktun á tíðni og eðli áflugs en einnig á t.d. hörfun. Skila þarf til Orkustofnunar vöktunaráætlun sem fjallar um verklag við vöktun, tímasetningar og annað skipulag og skal vöktun samkvæmt áætluninni hefjast um leið og fyrstu vindmyllur hafa risið og taka mið af uppyggingu og áformuðum rekstri vindorkugarðsins. Vöktunin skal ná til áflugs á vindmyllur og einnig á rafmagnslínur eins og við á.

Eigi síðar en 3 mánuðum frá útgáfu þessa virkjunarleyfis skal leyfishafi skila til Orkustofnunar samantekt um ytri skilyrði og kröfur sem sett hafa verið fram um framkvæmd og rekstur virkjunarinnar, áætlanir um mótvægisáðgerðir og vöktun á framkvæmd þeirra. Upplýsa skal um stöðu verkefna, hver þeirra eru afgreidd og hvernig áformað er að vinna að viðeigandi úrbótum og/eða vöktun.

Innan 6 mánaða frá útgáfu þessa virkjunarleyfis, og eigi síðar en 3 mánuðum fyrir gangsetningu virkjunar, skal leyfishafi skila til Orkustofnunar til samþykktar áætlun um fyrirkomulag innra eftirlits, sbr. 1. mgr., um tíðni og fyrirkomulag vöktunar, sbr. 2. mgr. og verkefni tengd ytri skilyrðum og kröfum,

sbr. 3. mgr. Eftirlits- og vöktunaráætlunin skal endurskoðuð eigi síðar en 5 árum frá upphafi starfsemi og síðan á 5 ára fresti, eða þegar leyfishafi óskar þess.

Leyfishafi skal gera viðbragðsáætlun vegna ískasts af vindmylluspöðum og annarrar vár sem kann að steðja að umhverfi, öryggi eða heilsu manna vegna starfseminnar. Áætlunina skal senda Orkustofnun eigi síðar en 3 mánuðum fyrir gangsetningu virkjunarinnar. Verði breytingar á áætlun eða forsendum hennar, skal ný áætlun send Orkustofnun.

12. gr.

Upplýsingaskylda og meðferð upplýsinga

Leyfishafi skal senda Orkustofnun skýrslu fyrir 1. júní ár hvert með samantekt á niðurstöðum innra eftirlits sbr. 11. gr. leyfisins, þ.m.t. um úrlausn ytri skilyrða og krafna.

Leyfishafi skal senda Orkustofnun skýrslu fyrir 1. júní ár hvert með samantekt, greiningum og niðurstöðum vöktunar um áhrif á fuglalíf á framkvæmda- og rekstrartíma virkjunarinnar.

Orkustofnun skal gera opinberar skýrslur sem stofnuninni berast sbr. framanritað, og niðurstöður eftirlits, sbr. 4. gr. leyfis, með birtingu á heimasíðu stofnunarinnar eða með sambærilegum hætti. Leyfishafi getur óskað eftir því að gögn sem hann telur varða mikilvæga og virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni verði ekki afhent þriðja aðila með vísan til 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012.

13. gr.

Leyfisgjald

Gjald fyrir virkjunarleyfis fyrir allt að 120 MW vindorkugarðs Búrfellslundar í Rangárþingi ytra er að fjárhæð 1.300.000 kr. skv. 33. gr. raforkulaga.

Reykjavík, 12. ágúst 2024

Halla Hrund Logadóttir
orkumálastjóri

Fylgiskjöl með virkjunarleyfi

1. Kort af virkjunarsvæði ásamt hnitaskrá.
2. Umsókn um virkjunarleyfi án fylgiskjala.

Fylgiskjal 1. Kort af virkjunarsvæði ásamt hnitaskrá



Hnitaskrá

| Nr | X | Y |
|----|----------|----------|
| 1 | 477379.3 | 406982.1 |
| 2 | 477225.3 | 406796.1 |
| 3 | 477129.1 | 406661.3 |
| 4 | 476987.9 | 406565.1 |
| 5 | 476789.0 | 406456.0 |
| 6 | 475114.5 | 406045.4 |
| 7 | 474922.0 | 406026.2 |
| 8 | 474678.2 | 406090.3 |
| 9 | 472971.6 | 406462.4 |
| 10 | 472477.6 | 406481.7 |
| 11 | 472015.6 | 406411.1 |
| 12 | 471265.0 | 406250.7 |
| 13 | 471104.6 | 406250.7 |
| 14 | 470892.8 | 406308.5 |
| 15 | 470482.2 | 406610.0 |
| 16 | 473736.8 | 409253.2 |
| 17 | 473867.4 | 409440.1 |
| 18 | 473881.3 | 409460.1 |
| 19 | 473939.1 | 409499.0 |
| 20 | 474421.7 | 409487.5 |
| 21 | 476013.5 | 409325.0 |
| 22 | 477232.8 | 409253.2 |
| 23 | 478200.5 | 408278.1 |